

ERINDISBRÉF

Starfshópur um verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og trúnaðargagna

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

Hlutverk:

Að vinna samræmdar miðlægar reglur um meðferð upplýsinga sem innihalda trúnaðargögn eða persónugreinanlegar upplýsingar með það að markmiði að einfalt sé að miðla upplýsingum Reykjavíkurborgar innan þeirra takmarkana sem lög setja s.s. lög um persónuend og miðlun persónuupplýsinga nr. 77/2000 og upplýsingalög nr. 140/2012. Verklagsreglurnar byggja á upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni:

- Greina hvaða reglur séu fyrirbyggjandi hjá Reykjavíkurborg á þessu sviði og falli eftir atvikum úr gildi við setningu nýrra reglna.
- Útbúa verklagsreglur um meðferð og miðlun upplýsinga sem innihalda persónugreinanlegar upplýsingar og trúnaðargögn.
- Útbúa gátlista sem nýtist við að greina hvort upplýsingar innihaldi trúnaðargögn eða persónugreinanlegar upplýsingar.
- Gera tillögu að flokkun trúnaðargagna.
- Gera tillögu að verklagi við úrlausn vafamála.
- Leita eftir umsögn Persónuverndar um verklagsreglurnar.

Starfshópin skipa:

Ásta Guðrún Beck, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, formaður.

Ívar Örn Ívarsson, fjármálaskrifstofu.

Eyrún Ellý Valsdóttir, velferðarsviði.

Jón Pétur Skúlason, skrifstofu borgarlögmanns.

Halla María Árnadóttir eða annar fulltrúi, skjaladeild.

Starfsmaður:

Theódóra Sigurðardóttir, skrifstofu borgarstjóra og borgarrita.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar eftir því sem við á innan og utan borgarkerfis. Áhersla er lögð á að verklagsreglurnar séu í samræmi við áherslur í gæðamálum Reykjavíkurborgar.

Starfstímabil:

Hópurinn ljúki ofangreindum verkefnum og skili tillögum að reglum til ábyrgðarmanns fyrir 15. janúar 2016.

Reykjavík, 7. september 2015

Helga Björg Ragnarsdóttir

e.u.